



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. október 2012  
Tilvísun : 2012010113/33

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn).**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 21. september sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn), 65. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa harmar það að ekki hafi náðst að ganga frá framkvæmd færslu stofnana skv. 84. gr. barnaverndarlaga frá sveitarfélögum til ríkis á því eina og hálfu ári sem liðið er frá því að Alþingi tók ákvörðun um yfirfærsluna.

Fulltrúar frá Barnaverndarstofu sátu í tveimur starfshópum á vegum velferðarráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu, annars hópi sem ætlað var að fara yfir hvaða hópi ættu að standa úrræðin til boða eftir yfirfærsluna og hins vegar hópi sem ætlað var að útfæra kostnaðarþátttöku sveitarfélaga í úrræðum á vegum Barnaverndarstofu. Tóku báðir hóparnir til starfa á vormánuðum 2012.

Ljóst er að ekki hefur tekist að ganga frá fyrirhugaðri yfirfærslu innan þess tímamarka sem upphaflega var gefinn af hálfu Alþingis. Barnaverndarstofa telur ljóst að ómögulegt verði að ljúka vinnu við yfirfærsluna fyrir áramót. Telur Barnaverndarstofa því rétt að styðja þá tillögu um að fresta yfirfærslunni um ár.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Palmadóttir  
lögfræðingur Barnaverndarstofu

